

ÁRSSKÝRSLA 2007



Stofnun
VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR
í erlendum tungumálum

STOFNUN

VIGDÍRAR FINNBOGADÓTTUR

Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

STARFSSVIÐ OG HLUTVERK

Markmið Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er að stunda öflugar rannsóknir í erlendum tungumálum. Helstu fræðasvið hennar eru: bókmenntir, kennslufræði erlendra mála, máltaka, málfræði, málvísindi, menningarfræði, táknfræði, þýðingafraeði og notagildi tungumála í atvinnulífinu. Auk þess er markmiðið að styðja og efla kennslu í erlendum tungumálum innan Háskólans og utan. Stofnunin er til ráðuneytis um þróunarstarf og rannsóknir sem snerta tungumálakennslu og er vettvangur fræðilegrar umræðu um erlend tungumál. Stofnunin gengst fyrir ráðstefnum, fyrirlestrum og námskeiðum og stendur fyrir útgáfu fræðiritra og þýðinga á fagurbókmenntum.

STARFSMENN OG STJÓRN

Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur störfuðu alls 34 fræðimenn árið 2007: 3 prófessorar, 10 dósentar, 15 lektorar og 5 aðjuntar, auk deildastjóra Tungumálamiðstöðvar HÍ og verkefnastjóra. Þeir eru eftirtaldir: Annette Lassen, dósent í dönskum bókmenntum; Annika Grosse, lektor í þýsku (á haustönn); Auður Hauksdóttir, dósent í dönsku; Ásdís R. Magnúsdóttir, dósent í frönsku; Ásta Ingibjartsdóttir, aðjunkt í frönsku; Birna Arnbjörnsdóttir, dósent í rannsóknnum og kennslufræði erlendra tungumála; Børge Nordbø, lektor í norsku (á haustönn); Carsten Thomas, lektor í þýsku (á vormisseri); Erla Erlendsdóttir, lektor í spænsku; Eyjólfur M. Sigurðsson, deildarstjóri Tungumálamiðstöðvar HÍ; Gauti Kristmannsson, dósent í þýðingafraeðum; Geir Sigurðsson, lektor í kínversku (á haustönn) Gro Tove Sandmark, lektor í norsku (á vorönn); Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, dósent í enskum bókmenntum; Guðmundur Edgarsson, aðjunkt í ensku (á vorönn); Heike Rohmann, lektor í þýsku (á haustönn); Hólmfríður Garðarsdóttir, dósent í spænsku; Jacob Thøgersen, lektor í dönsku; Júlían Meldon D'Arcy, prófessor í enskum bókmenntum; Kaoru Umezawa, lektor í japönsku; Katinka Paludan, aðjunkt í dönsku (á vorönn); Lars-Göran Johansson, lektor í sænsku; Linze Wang, lektor í kínversku (á haustönn); Maare Fjällström, lektor í finnsku; Magnús Fjalldal, prófessor í enskum bókmenntum; Magnús Sigurðsson, aðjunkt í þýsku; Martin Regal, dósent í enskum bókmenntum; Matthew Whelpton, dósent í enskum málvísindum; Oddný G. Sverrisdóttir, dósent í þýsku; Olga Korotkova, lektor í rússnesku (á haustönn); Pétur Knúttsson, dósent í ensku; Rebekka Þráinsdóttir, aðjunkt í rússnesku (á haustönn); Sigurður Pétursson, lektor í grísku og latínu; Stefano Rosatti, aðjunkt í ítölsku; Torfi H. Tulinius, prófessor í frönsku, og Þórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku (á haustönn).

Á árinu 2007 gegndi Auður Hauksdóttir starfi forstöðumanns Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Varforstöðumaður var Oddný G. Sverrisdóttir. Auk þeirra sátu í fagraði Ásdís R. Magnúsdóttir, Gauti Kristmannsson og Júlían M. D'Arcy. Martin Regal tók sæti Júlíans á haustmisseri meðan á rannsóknarleyfi hans stóð. Laufey Erla Jónsdóttir gegndi starfi verkefnastjóra í fullu starfi.

STARFSEMI

Stofnunin stóð að venju fyrir fyrirlestraröð, ráðstefnum og málþingum. Markvisst var unnið að því að kynna starfsemi stofnunarinnar og framtíðaráform bæði hérlandis og erlendis. Haldið var áfram með fyrirlestraröðina *þýðing öndvegisverka* við góðar undirtektir. Fræðimenn stofnunarinnar kynntu ásamt gestafyrirlesurum rannsóknir sínar í almennu fyrirlestraröðinni. Dagana 2.-3. nóvember var haldin alþjóðleg ráðstefna undir yfirskriftinni „Linguistic and Cultural Diversity – World Language Centre in Iceland“ en ráðstefnan var liður í því að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð innan vébanda SVF. Dagana 3.-5. desember stóð stofnunin fyrir viðamikilli kynningu í Finnlandi á starfsemi sinni þar sem

m.a. var efnt til ráðstefnu um norrænar þýðingar í sænsk-finnsku menningarmiðstöðinni Hanaholmen rétt utan við Helsinki. Hér á eftir er nánar gert grein fyrir starfseminni á árinu.

FYRIRLESTRARÖÐ

Vormisseri:



Ástráður Eysteinnsson flytur fyrirlestur sinn um *Umskiptin* eftir Kafka.

- Matthew Whelpton dósent: *Moodle and the Covcell Project – collaborative language learning online.*
- Valgerður Einarisdóttir MA: *Saga dönskukennslu við Háskóla Íslands.*
- Ástráður Eysteinnsson prófessor og þýðandi: „Þetta var ekki draumur.“ *Vandinn að skilja og þýða Umskiptin.*
- Ástvaldur Ástvaldsson, prófessor við Háskólann í Liverpool: *Native Myths in Latin American Literature – Goðsögur frumbyggja í bókmenntum Rómönsku Ameríku.*
- Moraima Marín Ronzón rithöfundur: *Sjálfsmyndir mexíkóskra rithöfunda.*

Haustmisseri:

- Mikkel Bruun Zangenberg, lektor við Háskólann í Óðinsvéum og bókmenntagagnrýnandi hjá Politiken: *Nyere dansk skønlitteratur.*
- Rithöfundarnir David Arnason og Mhari Mackintosh: *The Imagined City: Readings from a Literary History of Winnipeg.*
- Russel Alderson, tákmalstúlkur og kennari: *A comparative analysis of the lexicon of Icelandic and Danish sign language.*
- Claudio Magris, rithöfundur og fyrrverandi þingmaður: *Alla cieca (Blindly).*
- Dacia Maraini rithöfundur: *Eyes to see, words to say: An Italian writer's view on her society.*
- Dag Heede, lektor við Syddansk Universitetet: *H. C. Andersen som heteroseksuel. Historien om en dansk konstruktion.*



Vigdís Finnbogadóttir ásamt ítalska rithöfundinum Claudio Magris og eiginkonu hans.

Þýðing öndvegisverka:

- Guðbergur Bergsson, rithöfundur og þýðandi: *Að hverju leitar þýðandinn?*
- Rúnar Helgi Vignisson þýðandi og rithöfundur: *Gengið í Barndóm, vikið að Vansæmd.*
- Sigurður A. Magnússon rithöfundur og þýðandi: *Ódyseifur.*
- Elísa Björg Þorsteinsdóttir þýðandi: *Að mæla á íslensku: viðureign þýðanda við Mælingu heimsins.*

MÁLÞING OG RÁÐSTEFNUR:

Hann gat ekki hætt að ríma

Þann 21. febrúar var efnt til hátíðadagskrár í tilefni þess að 100 voru liðin frá fæðingu breska skáldsins W.H. Auden. Dagskráin var haldin í samvinnu við breska sendiráðið og tímarit þýðenda, *Jón á Bægisá*. Ávörp fluttu Matthías Johannessen, skáld og fyrrv. ritstjóri; Sigurður A. Magnússon, rithöfundur, og Ögmundur Bjarnason, þýðandi og læknir. Auk þess fluttu leikkonurnar Ingibjörg Þórisdóttir og Ragnheiður Steindórsdóttir ljóð eftir Auden á íslensku og ensku.

Opnun Cervantes-seturs

Laugardaginn 3. mars var Cervantes-setur Háskóla Íslands opnað við hátíðlega athöfn í Hátíðasal skólans en það starfar innan vébanda SVF. Við þetta tækifæri voru Álfrún Gunnlaugsdóttir prófessor og Guðbergur Bergsson rithöfundur og þýðandi heiðruð af spænska ríkinu fyrir framlag sitt til spænskrar menningar. Ekkja argentíska rithöfundarins Jorge Luis Borges, María Kodama, hélt fyrirlestur í tilefni af opnun setursins.



Opnun Cervantes-seturs í Hátíðarsal HÍ.

Tungumál og atvinnulífið – Tækifæri og tálmar. Innflytjendur og vinnumarkaðurinn

Haldið var málþing 30. mars í samvinnu við Alþjóðahúsið um stöðu innflytjenda á vinnumarkaðnum með tilliti til tungumálakunnáttu. Frummælendur voru: Gauti Kristmannsson dósent; Halldór Gröndvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ og Barbara Kristvinsson, ráðgjafi hjá Alþjóðahúsinu. Laufey Erla Jónsdóttir verkefnastjóri annaðist fundarstjórn og umræðum stýrði Sólveig Jónasdóttir, verkefnastjóri hjá Alþjóðahúsinu.

Málþing um lokaverkefni MA- og M.Paed.-kandídata

Hinn 12. apríl stóð stofnunin í fyrsta sinn fyrir kynningu á lokaverkefnum M.A.- og M.Paed.-kandídata. Málþingið fór fram í Öskju og þar kynntu nemendur útskrifaðir í febrúar 2007 og október 2006 í tungumálum og þýðingafræðum verkefni sín. Eftirfarandi útskriftarnemar tóku þátt í kynningunni: Elsa Ingeborg Petersen, MA í dönsku; Ólöf Jónasdóttir, MA í þýðingafræðum; Nína Rúna Ævarsdóttir Kvaran, MA í ensku; Valgerður Einarsdóttir, MA í dönsku; Jóhanna Gunnlaugsdóttir, MA í þýðingafræðum og Elna Katrín Jónsdóttir, M.Paed. í þýsku.

Evrópski tungumáladagurinn

Í tilefni dagsins 26. september var efnt til dagskrár í Hátíðasal Háskólans undir yfirskriftinni: *Svipmyndir að heiman og ljóðalestur á ýmsum tungumálum*. Nemendur frá ýmsum löndum Evrópu sem allir stunda nám í íslensku við Háskólann brugðu upp minningarbrotum frá heimalöndum sínum og lásu upp ljóð á móðurmáli sínu. Dagskráin var haldin í samvinnu við íslensku fyrir erlenda stúdenta.

Málþing í tilefni af útgáfu afmælisrits til heiðurs Auði Torfadóttur

Hinn 12. október var efnt til málþings í Öskju í tilefni af útgáfu bókarinnar *Teaching and Learning English in Iceland*. Bókin var gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur til heiðurs Auði Torfadóttur, dósent í ensku við Kennaraháskóla Íslands í tilefni af sjötíu ára afmæli hennar. Ritstjórar bókarinnar eru Birna Arnbjörnsdóttir dósent og Hafdís Ingvarsdóttir dósent. Bókin hefur að geyma greinasafn um rannsóknir á enskunámi og enskukennslu á Íslandi. Jón Hannesson, formaður Félags enskukennara, setti málþingið og Auður Torfadóttir flutti ávarp við upphaf þess. Frummælendur voru auk ritstjóra bókarinnar Robert Berman dósent við KHÍ, Samuel Lefever dósent við KHÍ, Ingibjörg Sigurðardóttir kennari og Guðmundur Edgarsson stundakennari. Ólafur Proppé, rektor KHÍ, flutti lokaorð og sleit málþinginu.



Birna Arnbjörnsdóttir, Auður Hauksdóttir, Auður Torfadóttir, Vigdís Finnbogadóttir og Hafdís Ingvarsdóttir

Kúba og Mið-Ameríka: Bókmenntir, tónlist og menning

Hinn 9. nóvember stóð SVF fyrir dagskrá um *Kúbu og Mið-Ameríku*. Fram komu: Rogelio Rodríguez Coronel, prófessor við Havana-háskóla, Margarita Vasquez, prófessor við Panama-háskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur, Tómas R. Einarsson tónlistarmaður, Erla Erlendsdóttir lektor og Kristín Guðrún Jónsdóttir aðjunkt.

Málþing um málsöfn og norræn mál (Nordic Corpus Bank)

Í tengslum við ráðstefnuna um menningar- og málvísindalegan fjölbreytileika var haldið sérstakt málþing um norrænan gagnabanka fyrir tungumál og menningu, *Nordic Corpus Bank*. Málþingið fór fram í Norræna húsinu 1. nóvember og var umsjón þess í höndum Peter Juel Henriksen, dósents við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn.

RÁÐSTEFNA UM FRAMTÍÐARÁFORM SVF

Linguistic and Cultural Diversity - World Language Centre in Iceland

Dagana 2.-3. nóvember stóð stofnunin fyrir alþjóðlegri ráðstefnu undir yfirskriftinni *Linguistic and Cultural Diversity - World Language Centre in Iceland*. Ráðstefnan var liður í þeim áformum að koma á fót alþjóðlegri tungumálamiðstöð á Íslandi innan vébanda SVF og var tilgangurinn með henni m.a. að efna til samstarfs við innlenda og erlenda fræðimenn um þetta viðamikla framtíðarverkefni. Fjallað var um fyrirhugaðar rannsóknir og starfsemi miðstöðvarinnar. Fræðimenn á sviði málvísinda, bókmennta og menningarfræða víðs vegar að úr heiminum sóttu ráðstefnuna. Lykilfyrirlesarar voru:

- Bernard Spolsky, prófessor við Bar-Ilan háskólann í Tel-Aviv
- Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla
- Peter Austin, prófessor við University of London
- Tomohiro Tanikawa, prófessor við Háskólann í Tokyo
- James A. Parente, Jr., prófessor við Háskólann í Minnesota

Ráðstefnan skiptist í þrjá meginhluta þar sem rætt var um a) framtíðarsýn og alþjóðlegt samstarf, b) rannsóknir á sviði málvísinda, bókmennta og menningarfræða, c) upplifunarsetur – tölvutækni og sýndarveruleiki.

a) Framtíðarsýn og alþjóðlegt samstarf

Auk áður nefndra lykilfyrirlesara kynntu fulltrúar eftirtalinnar alþjóðlegra tungumálastofnana starfsemi þeirra og rannsóknir:

- Dr. David Gil, Max-Planck Institut í Leipzig
- Sebastian Drude prófessor, DoBeS
- Nicholas Thieberger verkefnisstjóri, PARADISEC
- Anthony Aristar frá EMELD
- Christopher Cieri framkvæmdastóri, LDC
- Elaine Tarone forstöðumaður, CARLA
- Delyth Price forstöðumaður, WLDC

Fulltrúar frá SVF kynntu starfsemi stofnunarinnar og framtíðaráform:

- Matthew Whelpton dósent
- Gauti Kristmannsson dósent

Fyrsta hluta ráðstefnunnar lauk með pallborðsumræðum um framtíðarsýn fyrir tungumálamiðstöðina þar sem Jens Allwood, Peter Austin, Auður Hauksdóttir og Vigdís Finnbogadóttir tóku þátt. Anju Saxena, dósent við Háskólann í Uppsala stýrði umræðum.

b) Rannsóknir á sviði málvísinda, bókmennta og menningarfræða

- Rogelio Coronel, prófessor við Háskólann í Havana
- Karsten Legére, prófessor við Gautaborgarháskóla
- Stephen J. Walton, prófessor við Háskólann í Volda
- Jóhannes G. Jónsson, lektor við HÍ
- Kaoru Umezawa lektor
- Lothar Cerny, prófessor við University of Applied Sciences í Köln
- Samuel Lefever, lektor við KHÍ
- Þórhallur Eyþórsson, fræðimaður við Málvísindastofnun
- Meilute Ramonienė, dósent við Háskólann í Vilnius
- Ulrike Meyer, dósent við University of Applied sciences í Köln
- Göran Malmqvist, prófessor við Háskólann í Stokkhólmi
- Guðmundur Sæmundsson, aðjunkt við KHÍ
- Erla Erlendsdóttir dósent
- William P. Rivers, fræðimaður við Háskólann í Maryland
- Daniel Karvonen, dósent í finnsku við Háskólann í Minnesota
- Heimir Steinarsson, verkefnisstjóri þýsku orðabókarinnar við HÍ

c) Upplifunarsetur – tölvutækni og sýndarveruleiki

- Peter Juel Henrichsen, dósent við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn
- Peri Bhaskararao, prófessor við Tokyo University of Foreign Studies

Þriðja hluta ráðstefnunnar lauk með pallborðsumræðum um tungumál og samskipti í framtíðinni þar sem Birna Arnbjörnsdóttir dósent; Ebba Þóra Hvannberg, deildarforseti verkfræðideildar; Kristinn Þórisson, forstöðumaður gervigreindarseturs við HR og Peter Juel Henrichsen tóku þátt. Guðrún Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri ESteam AB stýrði umræðum.

Aðalstyrktaraðili ráðstefnunnar var Rannsókn- og menningarsjóður Sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond), en auk þess styrktu Faxaflóahafnir sf, Japanska sendiráðið, Icelandair og Bláa Lónið ráðstefnuna.

KYNNING SVF Í FINNLANDI

Dagana 3.-5. desember fór fram kynning í Finnlandi á Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur. Veg og vanda af skipulagningu og framkvæmd Finnlandskynningarinnar höfðu Auður Hauksdóttir, Laufey Erla Jónsdóttir og Maare Pauliina Fjällström lektor í finnsku. Kynningin fór fram í náinni samvinnu við sendiráð Íslands í Finnlandi og veitti Hannes Heimisson sendiherra stofnuninni ómetanlegt liðsinni. Vigdís Finnbogadóttir fór fyrir hópi þátttakenda frá SVF en þeir voru auk skipuleggjenda Birna Arnbjörnsdóttir dósent, Lars-Göran Johansson lektor og Oddný G. Sverrisdóttir, deildarforseti hugvísindadeildar og varaforstöðumaður SVF.

Ráðstefna um þýðingar á Hanaholmen

Mánudaginn 3. desember stóð stofnunin fyrir ráðstefnu um þýðingar norrænna bókmennta undir yfirskriftinni *Nordisk litteratur i översättning. Praktik och visioner. Exempel: isländska, finska och svenska*. Ráðstefnan fór fram á sænsk-finsku menningarmiðstöðinni Hanaholmen í Helsinki og var haldin samvinnu við Hanaholmen, FILI-Finnish Literature Exchange, Nifin-Nordens institut i Finland og Menningarsjóð Finnlands og Íslands. Fyrirlesarar voru:

- Martin Ringmar þýðandi
- Maare Fjällström lektor
- Þórarinn Eldjárn rithöfundur

- Lars-Göran Johansson lektor
- Tapio Koivukari, þýðandi og rithöfundur
- Sigurður Karlsson þýðandi

Í lok ráðstefnunnar voru pallborðsumræður um framtíð norrænna þýðinga innan Norðurlandanna þar sem Ann Sandelin, formaður íslensk-finska menningarsjóðsins; Timo Ernamo, forstjóri Johnny Kniga bókaforlagsins; Bergljót Jónsdóttir frá Kulturkontakt Nord og Þórarinn Eldjárn rithöfundur tóku þátt.

Samstarfsfundur með finnskum fræðimönnum

Þriðjudaginn 4. desember var haldinn vinnufundur með fræðimönnum á sviði tungumála, bókmennta og menningar við Háskólann í Helsinki og Háskólann í Jyväskylä. Fundurinn var skipulagður í samvinnu við Institutionen för nordiska språk och nordisk litteratur og annaðist prófessor Hanna Lehti-Eklund undirbúning hans í samvinnu við SVF. Þátttakendur á fundinum voru auk íslensku fulltrúanna:

- Mingming Gao, lektor, Institutionen för asiatiska och afrikanska språk och kulturer/kiinan kielen lehtori, Aasian ja Afrikan kielten ja kulttuurien laitos
- Marion von Etter, yfirmaður Svenska ärenden, HU/ Ruotsinkielisen toiminnan yksikönjohtaja, HY
- Riho Grünthal, prófessor, Institutionen för de finskugriska språken, HU/ Suomalaisugrilainen laitos, HY
- Mervi Helkkula, prófessor, Institutionen för de romanska språken/ Romaanisten kielten laitos, HY
- Jyrki Kalliokoski, prófessor, Institutionen för finska språket och finska litteraturen/ Suomen kielen ja kotimaisen kirjallisuuden laitos
- Maija Kalin, dósent og yfirmaður Språkcentret, Jyväskylä universitet/ Dosentti, Jyväskylän yliopiston kielikeskuksen johtaja
- Hanna Lehti-Eklund, prófessor, Nordica, HU/ Pohjoismaisten kielten ja pohjoismaisen kirjallisuuden laitos, HY
- Tuula Lehtonen, lektor, Språkcentret, HU/ yo.lehtori, Kielikeskus, HY
- Jouko Lindstedt, prófessor, Institutionen för slavistik och baltologi, HU/ Slavistiikan ja baltologian laitos, HY
- Jan Lindström, prófessor, Nordica, HU/ Pohjoismaisten kielten ja pohjoismaisen kirjallisuuden laitos, HY
- Jeong-Young Kim, lektor, Institutionen för asiatiska och afrikanska språk och kulturer/korean kielen lehtori, Aasian ja Afrikan kielten ja kulttuurien laitos
- Jarmo Korhonen, prófessor, Tyska institutionen, HU/Saksalainen laitos, HY
- Kimmo Koskenniemi, prófessor, Institutionen för allmän språkvetenskap, HU/ Yleisen kielitieteen laitos, HY
- Pirjo Kukkonen, dósent, Nordica, HU/ Pohjoismaisten kielten ja Pohjoismaisten kirjallisuuden laitos, HY
- Maisa Martin, prófessor, Institutionen för språk, Jyväskylä universitet/ Jyväskylän yliopiston kielten laitos
- Märtha Norrback, planerare, Internationella ärenden, HU/ Suunnittelija, kansainväliset asiat, HY
- Mirja Saari, prófessor, Nordica, HU/ Pohjoismaisten kielen ja pohjoismaisen kirjallisuuden laitos, HY
- Eija Ventola, prófessor, Institutionen för engelska språket, HU/ Englannin kielen laitos, HY

Hannes Heimisson sendiherra og kona hans Guðrún Sólonsdóttir stóðu fyrir glæsilegri móttöku til heiðurs Vigdís Finnbogadóttur í sendiherrabústaðnum að lokinni dagskrá á Hanaholmen hinn 3. desember. Í tengslum við kynninguna áttu Vigdís Finnbogadóttir og forstöðumaður SVF ásamt Hannesi Heimissyni sendiherra fund með finnskum menningar- og rannsóknasjóðum og forsvarsmönnum íslenskra fyrir-tækja í Helsinki, m.a. forsvarsmönnum Glitnis og Kaupþings. Á fundunum gáfust tækifæri til að kynna



Áheyrendur á fyrirlestri J.M. Coetzee

framtíðaráform SVF og kanna hug þessara aðila til samstarfs. Heimsókn Vigdísar Finnbogadóttur og kynningin á stofnuninni vakti mikla athygli fjölmiðla og var fjallað um heimsókn Vigdísar og stofnunina með áberandi hætti í helstu dagblöðum Finnlands. Dagskráin í Finnlandi er sú fjórða og síðasta í kynningarátaki stofnunarinnar á Norðurlöndum. SVF hlaut á sínum tíma veglegan styrk frá Norræna menningarsjóðnum til þessa átaks. Aðrir sem styrktu kynninguna í Finnlandi voru Menningarsjóður Finnlands og Íslands, FILI – Finnish Literature Exchange, Nifin – Nordens Institut i Finland og Icelandair.

SAMSTARF VIÐ BÓKMENNTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur átti í samstarfi við Bókmenntahátíðina í Reykjavík sem fram fór dagana 9.-15. september. Bókmenntahátíð og SVF stóðu fyrir málþingi um þýðingar hinn 15. september. Málþingið sem fór fram í Odda var afar fjölsótt. Einnig stóðu þessir aðilar sameiginlega að fyrirlestri Suður-afríska nóbelskaldsins J.M. Coetzee sem fluttur var í Hátíðasal Háskóla Íslands og fyrirlestri rit höfundarins Jung Chang sem fluttur var í Háskólabíói. Húsfyllir var á þessum viðburðum sem tókust afar vel. Fyrirlestur J.M. Coetzee er að finna á heimasíðu SVF, www.vigdis.hi.is, en hann veitti góðfúslegt leyfi sitt til að taka fyrirlesturinn upp á myndband.

ÚTGÁFUR




Teaching and Learning English. In honour of Auður Torfadóttir

Bókin er safn greina um nýjar rannsóknir á enskunámi og enskukennslu á Íslandi. Þetta er í fyrsta sinn sem bók um þetta efni kemur út á Íslandi og þótt enskukennsla sé í brennidepli í ritinu á innihaldið einnig erindi til þeirra sem fást við tungumálakennslu almennt svo og áhugafólks um tungumál. Ritstjórar eru Birna Arnbjörnsdóttir dósent við hugvísindadeild og Hafdís Ingvarsdóttir dósent við félagsvísindadeild.




Gustur úr Djúpi nætur - Ljóðasaga Lorca á Íslandi

Bókin er safn þýðinga á ljóðum spænska skáldsins Federico García Lorca sem birst hafa í blöðum og tímaritum á Íslandi. Ljóðapýðingunum er fylgt úr hlaði með fræðilegum inngangi ritstjóra bókarinnar, Hólmfríðar Garðarsdóttur dósents, um ævi og yrkisefni Lorca. Í bókarlok er að finna leiðbeiningar um ljóðagreiningu. Bókin er hluti af tvímálaútgáfu SVF.



Hegravarpíð eftir Lise Tremblay

Smásagnasafnið *Hegravarpíð* kom út í íslenskri þýðingu Ásdísar R. Magnúsdóttur, dósent í frönsku, Davíðs Steins Davíðssonar og Lindu Rósar Arnarsdóttur sem eru bæði nemendur í frönsku. Bókin sem kom fyrst út í Montréal árið 2003 hefur að geyma fræðilegan inngang eftir Ásdísi Rósu um þýðinguna og höfundinn.



Villa á öræfum / Allein durch die Einöde

Hér er á ferðinni ný tvímála útgáfa á hrakningasögum Pálma Hannessonar, alþingismanns og f.v. rektors Menntaskólans í Reykjavík. Frásagnir hans hafa lengi notið hylli meðal landsmanna, bæði sem erindi flutt í útvarpi og á rituðu máli. Bókinni fylgir ítarleg greinargerð eftir Marion Lerner þýðingarfræðing á þýsku og íslensku en hún þýddi sögurnar á þýsku. Loks eru kort af sögusviði hversrar frásagnar í óbyggðum Íslands. Hrakningasögur Pálma voru hluti af viðfangsefni masters-ritgerðar Marion í þýðingafræðum við HÍ.

UNDIRBÚNINGUR AÐ ÚTGÁFU NÝRRAR ÍSLENSKRAR-FRANSKRAR ORÐABÓKAR

Ásdísar R. Magnúsdóttir, dósent í frönsku hefur haft frumkvæði að því kanna möguleika á að hafin verði vinna við gerð nýrrar íslenskrar-franskrar orðabókar en brýn þörf er fyrir slíkt verk.

ODDNÝJU G. SVERRISDÓTTUR, VARAFORSTÖÐUMANNI SVF, VEITT ORÐA SAMBANDS-LÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS, BUNDESVERDIENSTKREUZ



Oddný G. Sverrisdóttir tekur við orðunni úr hendi Johann Wenzl, sendiherra Þýskalands

Þann 25. janúar var dr. Oddnýju G. Sverrisdóttur, dósent í þýsku og forseta hugvísindadeildar, veitt orða Sambandslýðveldisins Þýskalands, Bundesverdienstkreuz. Við athöfnina sagði sendiherra Sambandslýðveldisins Þýskalands, Johann Wenzl, að Oddný hlyti viðurkenninguna einkum fyrir framlag sitt til eflingar þýskrar tungu á Íslandi sem og til eflingar menningartengsla Íslands og Þýskalands almennt. Í þessu sambandi minntist sendiherrann sérstaklega á frumkvæði Oddnýjar varðandi menningarmiðstöðina Goethe-Zentrum og átaksverkefnið Þýskubílinn. Við athöfnina voru m.a. frú Vigdís Finnbogadóttir, fulltrúar frá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og skor þýsku og Norðurlandamála, Félagi þýzkukennara auk stjórna Hollvinafélags Goethe-Zentrum.

ALPJÓÐLEG TUNGUMÁLAMIÐSTÖÐ – WORLD LANGUAGE CENTRE

Unnið hefur verið einarðlega að framgangi alþjóðlegrar tungumálamiðstöðvar sem fyrirhugað er að komið verði á fót á næstu árum innan vébanda SVF. Stofnunin hlaut sérstakan styrk úr menningarsjóði sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) til að greiða kostnað við undirbúningsfundi um verkefnið. Fyrsti fundurinn var haldinn við Háskóla Íslands 10. janúar en þar hélt málvísindamaðurinn Jens Allwood, prófessor við Gautaborgarháskóla, fund með starfsmönnum SVF. Í maí var haldinn vinnufundur í Gautaborg þar sem auk Jens Allwood tóku eftirfarandi fræðimenn þátt: Anju Saxena, dósent við Uppsalaháskóla, Helge Sandøy, prófessor við Háskólann í Bergen, Peter Austin, prófessor við Lund-

únarháskóla, Kristján Árnason prófessor og fyrir hönd SVF voru Gauti Kristmannsson, Auður Hauksdóttir og Laufey Erla Jónsdóttir. Í nóvember gekkst stofnunin fyrir viðamikilli ráðstefnu um þetta framtíðarverkefni sem getið er hér að framan.

Dagana 1.-3. maí áttu Vigdís Finnbogadóttir og forstöðumaður stofnunarinnar ásamt Stefáni Skjaldarsyni sendiherra Íslands í Noregi fund með forsvarsmönnum Tækniháskólans í Þrándheimi (NTNU) og Google í Noregi um hugsanlegt samstarf um hina alþjóðlegu tungumálamiðstöð en báðir þessir aðilar hafa sýnt verkefninu áhuga. Í því sambandi má nefna að vararektor NTNU, prófessor Julie Feilberg, tók þátt í ráðstefnunni um alþjóðlegu tungumálamiðstöðina í nóvember.



Oddný G. Sverrisdóttir, Júlían M. D'Arcy, Laufey Erla Jónsdóttir, Auður Hauksdóttir, Kristín Ingólfssdóttir, Vigdís Finnbogadóttir og Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri Promens.

STYRKIR TIL SVF

Margir urðu til að leggja stofnuninni lið á árinu. Aðalstyrktaraðili SVF var Straumur fjárfestingarbanki sem styrkti starfsemina með 5 milljón króna framlagi og er það annað árið í röð sem Straumur styrkir SVF með svo myndarlegum hætti. Þá komu tveir nýir styrktaraðilar til liðs við stofnunina. Hinn 20. apríl var undirritaður samstarfssamningur við Promens hf þar sem kveðið er á um 1,5 milljóna króna árlegt framlag til stofnunarinnar til ársins 2011 og skal því varið til markvissrar uppbyggingar hennar. Hinn 25. apríl var undirritaður samstarfssamningur við Gutenberg hf. sem felur í sér árlegan fjárstyrk að upphæð 500

þúsund krónur fram til ársins 2011 auk þess sem fyrirtækið mun styrkja stofnunina með hönnun og framleiðslu prentgripa að upphæð allt að 500 þúsund krónum á ári. Finnlandskynning SVF var eins og áður hefur komið fram styrkt af Norræna menningarsjóðnum og Menningarsjóði Finnlands og Íslands. Menntamálaráðuneytið styrkti dagskrá Evrópska tungumáladagsins. Stofnunin naut eins og áður er getið fjárstuðnings frá menningar- og rannsóknarsjóði sænska seðlabankans (Riksbankens Jubileumsfond) til að vinna að framtíðarverkefni SVF en liður í þeirri vinnu var ráðstefnan sem haldin var í nóvember. Ráðstefnan var auk þess styrkt af Faxaflóahöfnum sf, Japanska sendiráðinu, Ícelandair og Bláa Lóninu.



Einar Birgir Einarsson, framkv.stjóri Gutenberg, Auður Hauksdóttir, Sigurður Björn Blöndal markaðsstjóri, Vigdís Finnbogadóttir og Þorgeir Baldursson forstjóri Kvosar

LIÐSINNI VIGDÍÐAR FINNBOGADÓTTUR

Sem endranær hefur Vigdís Finnbogadóttir reynst stofnuninni ómetanlegur bakhjarl. Hún hefur lagt ómælda vinnu af mörkum í tengslum við starfsemi SVF og heimili hennar hefur staðið opið fyrir erlenda og innlenda gesti stofnunarinnar.



Vigdís Finnbogadóttir ásamt J.M. Coetzee að heimili hennar.

